

Fyrsti fundur Upplýsingaráðs árið 2016 – 11. janúar 2016 (kl. 16.30).

Mættir: Helga Stefánsdóttir (HS), Heiður Dögg Sigmarsdóttir (HDS), Eva Rós Sveinsdóttir (ERS), Guðný Rós Jónsdóttir (GRJ), Jón Halldór Jónasson (JHJ), Halldór Vilberg

Gestur: Sigríður Ágústsdóttir (SÁ), Hafdís Ósk Jónsdóttir (HÓJ)

1. Búningareglugerð BÍS: Fyrir jól fengu nefndarmenn send gögn um tillögur til breytinga á núverandi búningareglum BÍS, það sem að þarf í raun núna er að uppfæra þá gömlu. Annað þarf að leggja fyrir skátaþing.

Reglugerð sem unnin var af Braga Björnssyni og Gunnlaugi Braga Björnssyni var notuð til hliðsjónar.

Samþykkt var að senda endanlega tillögu til allra í ráðinu, til yfirferðar.

2. Önnur mál

Skátablaðið: Útsendilistinn var unnin út frá félagatali skáta, BÍS virkir og virkir auk gamalla stjórna, alls 8011 manns. Listinn var sendur til samlestrar við þjóðskrá, svo að ekki færu mörg blöð inn á hvert heimili. Yngsti skátinn í fjölskyldunni fékk því blaðið í pósti. 54 fyrirtæki sem að borguðu styrktarpinnan árið 2015, fengu einnig send blöð sem og allir þingmenn.